

Fundargerð 404

Föstudaginn 5. apríl 2013 kl. 9:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í menningarhúsinu Miðgarði, Skagafirði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason formaður, Guðmundur R. Gíslason, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, Ólöf Hallgrímsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:03 bauð fundarmenn velkomna og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar 2013
3. Orkukostnaður og fjarskiptamál í dreifbýli
4. Fundargerðir lánanefndar
5. Önnur mál
6. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 403 (f. skjal 1) og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar 2013

SBS fór yfir framfylgd þess hluta starfsáætlunar (f. skjal 2) sem sneri að verkefnum þróunarsviðs. Sagði frá upphafsfundi um Byggðaáætlun 2014-2017 sem haldinn verður 9. apríl nk. Dreift var könnun yfir þjónustu ríkisins sem unnin var 1994. Ætlunin er að uppfæra þær upplýsingar í samstarfi við atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga.

Búið er að setja upp nýja samninga við atvinnuþróunarfélögin sem verða undirritaðir á ársfundi stofnunarinnar. Þá er fyrirhugaður fundur með Þjóðskrá varðandi kortagrunn. EGK sagði frá vinnu við gerð úttektar á ferðaþjónustu á landsbyggðinni og upplýsingum um þróun fiskeldis sem atvinnugreinar. Unnið er að gerð rafræna umsókna.

AP fór yfir rekstur fyrstu tveggja mánaða ársins.

Lagt til að rekstraráætlun verði endurskoðuð um mitt ár verði ekki veruleg breyting á veittum nýjum lánnum.

3. Orkukostnaður og fjarskiptamál í dreifbýli

SBS dreifði yfirliti yfir orkukostnað sem Orkustofnun vann fyrir Byggðastofnun og skýrði helstu stærðir.

Ákveðið var að starfsmenn stofnunarinnar afli upplýsinga um hversu margir einstaklingar eru að borga fyrir rafmagn í dreifbýli og reyna að áætla hvað myndi kosta að jafna raforkukostnaðinn.

4. Fundargerðir lánanefndar (f. skal 3)

Fundargerð 6/13, 6. mars 2013

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerð 7/13, 26. mars 2013

EGK og AP fóru yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerðirnar staðfestar.

5. Önnur mál

HÁ upplýsti að hann hefði verið í samband við lögfræðing Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins varðandi starfsreglur stofnunarinnar sem þurfa staðfestingu ráðherra. Lagðar eru til nokkrar breytingar sem lagðar verða fyrir næsta stjórnarfund til staðfestingar. Núverandi starfsreglur verða þó sendar ráðherra til staðfestingar.

Flutningsjöfnunarstyrkir

SBS upplýsti um fjölda umsókna sem hefðu borist um styrki vegna flutningsjöfnunar en á sjöunda tug umsókna bárust og sótt var um hátt í 200 mkr. Verið er að vinna úr umsóknum.

Vaxtarsamningar

Haft hefur verið samband frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og óskað eftir að Byggðastofnun meti framvindu nógildandi vaxtarsamninga.

6. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 16. maí nk. á Hornafirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:53

Magnús Helgason, fundarritari

